

Meginniðurstaða stýrinefndar vegna undirbúnings nýs Landspítala

Einstakt tækifæri gefst nú til að skapa fyrirmyndarumgjörð um nútímalegan háskólaspítala þegar bygging nýs spítala er í undirbúningi samtímis og heilbrigðisvísindadeildir Háskóla Íslands eru skipulagðar. Varla mun annað slíkt tækifæri gefast í næstu framtíð. Því er mikilvægt að starfsmenn hafi metnaðarfulla framtíðarsýn varðandi sjúkrahúsið og séu virkir þátttakendur í mótun hennar. Ný bygging er einungis umgjörð um þjónustu, en mestu varðar hvers konar starfsemi fer þar fram.

Spítalinn býr nú við afar bágborinn húsakost. Starfsemi hans er á 17 stöðum á höfuðborgarsvæðinu í um 100 húsum, flestum meira en hálfra aldar gömlum. Miðað við núverandi húsakost er óhugsandi að LSH geti orðið með bestu sjúkrahúsum á Vesturlöndum.

Við undirbúningsvinnu nýs spítala er mikilvægt að meginmarkmið með byggingu hans séu ljós. Stýrinefndin hefur haft eftirfarandi að leiðarljósi:

- Að gæði þjónustunnar verði sem mest.
- Að sjúklingurinn sé ávallt hafður í fyrirrúmi.
- Að LSH verði góður og aðlaðandi vinnustaður.
- Að nýbygging hafi faglega og rekstrarlega hagræðingu í för með sér og aukna skilvirkni.

Til þess að geta svarað því hvort raunhæft sé að LSH verði með bestu sjúkrahúsum á Vesturlöndum þarf að velta upp nokkrum þáttum, svo sem:

- Metnaður er forsenda þess að slík markmið náist. Stýrinefndinni er ljóst að spítalinn býr yfir miklum fjölda metnaðarfullra starfsmanna.
- Hugvit og þekking er nauðsynleg, og af henni er nóg á LSH, enda margir heilbrigðisstarfsmenn menntaðir á bestu stöðum erlendis.
- Starfsemi Landspítala snýst um þjónustu og tryggja þarf að gæði hennar séu sem mest. Margt bendir til þess að þjónustan sé góð borin saman við erlend viðmið. Spítalinn þarf hins vegar að geta borið gæði þjónustunnar stöðugt saman við bestu erlenda spítala. Vísir er að því með samiburði við sænsk sjúkrahús og möguleiki er á að tengjast samtökum amerískra háskólaspítala.
- Planetree samtökin í Bandaríkjunum hafa frá árinu 1978 aðstoðað stjórnendur sjúkrahúsa víða um heim við að auka ánægju sjúklinga og fjölskyldna þeirra með þjónustuna. Samtökin hafa veitt Landspítalanum ráðgjöf. Stýrinefndin telur að ef LSH tileinkar sér hugmyndafræði samtakanna muni það skila sér í bættri þjónustu við sjúklinga, bættum starfsanda og bættri ímynd sjúkrahússins í samfélaginu. Því er lagt til að við áframhaldandi hönnun nýs spítala verði hugmyndafræði Planetree samtakanna höfð að leiðarljósi og ráðgjafþjónusta samtakanna verði nýtt áfram og sóst eftir vottun þeirra.
- Því hefur verið haldið fram að heilbrigðisþjónusta á Íslandi sé dýr miðað við aðrar þjóðir. Landspítalinn þarf að nýta fjármagn sem allra best. Gera verður þá kröfu til heilbrigðisstarfsmanna að þeir nýti fé til heilbrigðisþjónustu sem allra best og að þeir þurfi stöðugt að leita allra leiða til að auka hagvæmni. Því þarf að efla faglega stjórnun og rekstrarvitund.
- Skortur er á starfsfólki í mörgum faggreinum, eins og víða á Vesturlöndum. Í vaxandi mæli er nú rætt um að viðvarandi skortur verði á fagfólki. Því er sérlega mikilvægt að huga að því hvernig unnt sé að nýta megi hvern fagmann sem best og auka verðmæti starfa hans. Huga þarf sérstaklega að vinnuferlum og verklagi og beita sjálfvirkni þegar

Því verður við komið. Starfsumhverfi skiptir meginmáli, en mikilvægt er fyrir spítalann að starfsmenn séu ánægðir því það skilar sér í bættri þjónustu við sjúklinga. Við vinnu stýrinefndar hefur þess sérstaklega verið gætt að dagsljóss njóti sem best á starfseiningum, jafnframt því að notagildi einingarinnar verði sem best. Vegalengdir þurfa að vera sem stýstar, en unnt hefur verið að þjappa sjúkrahúsinu mun betur saman en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

- Sjúkrahús eiga að vera til fyrirmyndar varðandi starfsemi, starfsstefnu og stjórnun. Það hefur sýnt sig að almenningur vill og á rétt á að vita um gæðamat sjúkrahúsa. Til eru vottunarferli (Magnet) fyrir sjúkrahús, en slík vottun er talin mesta viðurkenning sem hjúkrunarþjónusta stofnunar getur öðlast. Lagt er til að Landspítali sækist eftir slíkri viðurkenningu.
- Hönnun nýrra spítalabygginga þarf að takast vel. Stýrinefndin er ánægð með samstarfið við arkitektafyrirtækið C. F. Möller. Á síðastliðnum mánuðum hafa teikningar þeirra tekið allmiklum breytingum þar sem komið er vel til móts við tillögur stýrinefndarinnar. Í því verkferli, sem nú er að ljúka, telur stýrinefndin að framúrskarandi lausnir hafi fundist varðandi legudeildir, rannsóknarhús, bráðamóttöku, myndgreiningu og göngudeildarhús svo dæmi séu tekin.
- Nokkur atriði þurfa frekari skoðunar við og er lagt til að stýrinefnd vinni áfram á næstunni við að finna betri lausnir áður en farið verður út í næsta hönnunarstig. Sérstaklega þarf að vinna frekar með hugmyndir um:
 - Gjörgæslu.
 - Skurðstofur.
 - Fæðingardeild.
 - Skrifstofur og fundarsali.

Brýnt er því að halda áfram vinnu með C. F. Möller til að unnt verði að ljúka frumáætlun betur og verkefnið verði tilbúið fyrir næsta hönnunaráfanga á næstu mánuðum.

- Þegar spurt er hvort verið sé að hanna norrænan eða bandarískan spítala er því til að svara að hönnuðir eru norrænir en tekið er tillit til þess besta sem gerist beggja vegna Atlantsála.
- Upplýsingatækni skiptir mjög miklu máli á nútímasjúkrahúsi. Stýrinefndin gerir ráð fyrir að nýja sjúkrahúsið verði pappírslaut. Rafræn sjúkraskrá þarf að geta uppfyllt ítrustu kröfur sem gerðar eru nú og til framtíðar, enda er sjúkraskráin gríðarlega mikilvægt tól í gæða- og öryggismálum. Á Íslandi ætti að vera einstakt tækifæri til að koma á heildrænni rafrænni sjúkraskrá fyrir allt landið, þannig að hún sé miðuð út frá sjúklingnum en ekki heilbrigðisstofnuninni. Þar gæti LSH verið í fararbroddi.
- Vaxandi krafa er um að sjúkrahús séu umhverfisvæn. Umhverfismál og heilbrigðismál eru nátengd og því ætti LSH að vera í fararbroddi stofnana hvað umhverfismál varðar.
- Við hönnun nýs spítala hefur þess verið gætt að starfsemi spítala og háskóla sé samfléttuð á sem bestan hátt. Mikil gróska er í rannsóknum í heilbrigðisvísindum á LSH og HÍ og má búast við að nýtt umhverfi stuðli enn frekar að afrekum á vísindasviðinu. Öll aðstaða til kennslu nemenda í heilbrigðisvísindum mun batna til muna. Kennsla og rannsóknir eru sjúkrahúsinu afar mikilvæg í þeim tilgangi að auka gæði þjónustu við sjúklinga.

Mat stýrinefndarinnar er að raunhæft markmið sé fyrir LSH að verða á meðal bestu sjúkrahúsa á Vesturlöndum. Háskóli Íslands setti sér það markmið að verða í hópi 100 bestu háskóla í heiminum. Starfsemi LSH og HÍ er það samofin að önnur stofnunin nær varla háleitum markmiðum nema með því að hin nái þeim líka. Stýrinefndin leggur til að framkvæmdastjórn LSH skoði frekar fýsileika þess að LSH setji sér það markmið að vera í hópi bestu spítala á Vesturlöndum.